# Tillaga um lækkun hámarkshraða á Djúpavogsvegi 98-01

Meðfylgjandi er tillaga þjónustudeildar um lækkun hámarkshraða á Djúpavogsvegi 98-01. Um er að ræða lækkun hámarkshraða úr 90 km/klst í 70 km/klst á vegi 98-01, frá stöð 440 að stöð 680. Í stöð 680 á sama vegi lækkar hámarkshraði í 40 km/klst. Þéttbýlismerki D12.11 og D12.21 verða einnig sett upp í stöð 680. Í stöð 740 er gagnvirkt hraðaskilti „Þinn hraði“. Sjá mynd 1

Nú stendur yfir endurskoðun á umferðarmerkjareglugerð 289/1995 með síðari breytingum. Á þessari stundu er ekki ljóst hvort þéttbýlishlið verða heimiluð eftir endurskoðun. Í þessari tillögu er því ekki tekin afstaða til beiðni sveitarfélags um þéttbýlishlið.

Tillagan er gerð að ósk Djúpavogshrepps og hefur fengið umfjöllun umferðardeildar og austursvæðis Vegagerðarinnar sem gera ekki athugasemd við hana.

Samkvæmt verklagsreglu 11.4.01 Leyfður hámarkshraði, verður tillagan send sveitarfélagi og lögreglu til kynningar.

Í mars 2020

Guðmundur Ragnarsson
verkefnastjóri
Þjónustudeild



# Svör umferðardeildar og svæðis:

RE: Tillaga þjónustudeildar um lækkun hámarkshraða á Djúpavogsvegi 98-01

SS Sveinn Sveinsson
Til Guðmundur Ragnarsson; Auður Þóra Árnadóttir

Svara | Svara öllum | Framsenda
fös. 27.3

Sæll
Líst vel á og vonum að þetta gangi eftir fyrr en síðar hjá okkur.
Kv. Sveinn

---

FW: Tillaga þjónustudeildar um lækkun hámarkshraða á Djúpavogsvegi 98-01

AÞ Auður Þóra Árnadóttir
Til Guðmundur Ragnarsson
Afrit Sveinn Sveinsson

Svara | Svara öllum | Framsenda
fös. 27.3

Þetta er nýjasta útgáfan, en þú breyttir öðru afriti. Smelltu hér til að sjá hinar útgáfurnar.

Tillaga um lækkun umferðarhraða á Djúpavogsvegi 98-01 mars 2020.docx
5 MB

Sæll Guðmundur.

Umferðardeild líst vel á meðfylgjandi tillögu þjónustudeildar hvað varðar lækkun leyfilegs hámarkshraða á Djúpavogsvegi. Ætla má að þær breytingar á leyfilegum hámarkshraða sem lagðar eru til hafi jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

Eitt atriði: Tók eftir að það stóð að það ætti að setja gagnvirkt hraðaskilti en það er þegar komið upp.

Kveðja,
Auður

**Auður Þóra Árnadóttir**
forstöðumaður umferðardeildar
Umferð og umferðaröryggi
Head of Traffic and Road Safety
audur.th.arnadottir@vegagerdin.is
+354 522 1023
+354 864 0142

**Vegagerðin**
Icelandic Road and
Coastal Administration
Borgartún 5-7, 105 Reykjavík
vegagerdin.is

Mynd af erindi Gauta Jóhannessonar sveitarstjóra.

Vegagerðin
Búðareyri 11
730 Reyðarfjörður

Djúpavogi 12. júní 2019

**Efni: Djúpivogur, breytt aðkoma o.fl.**

Í framhaldi af fundi með fulltúum Vegagerðarinnar á Djúpavogi nýlega vill undirritaður minna á eftirfarandi erindi sem farið var yfir á fundinum.

**Breytt aðkoma**
Sveitarfélagið hefur mikinn áhuga á að skoða breytingar varðandi þjóðveg 1 með það fyrir augum að hann komi þar sem nú er ekið niður að gömlu bræðslunni og Gleðivík. Með því móti minnkar umferðin um fjölfarnar íbúðagötur og miðju þorpsins. Sérstaklega er horft til þungaflutninga í því sambandi.

**Þéttbýlishlið**
Farið er fram á að hið fyrsta verði gert "þéttbýlishlið" þar sem nú er ekið inn í þorpið í þeim tilgangi að hægja á umferð.

**Gangbrautir**
Þörf er á 2-3 nýjum gangbrautum sem fyrst.

**Búland**
Þörf er á heilli línu í Búlandi til að stöðva framúrakstur og ná niður umferðarhraða.

Frekari skýringar á ofanrituðu eru á loftmynd sem er meðfylgjandi.

Með góðri kveðju

Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps

*Djúpavogshreppur*

Heimilisfang Bakki 1 765 Djúpivogur | Sími 470 8700 | Bréfsími 478 8188 | Netfang djupivogur@djupivogur.is | Vefsíða djupivogur.is | Kennitala 570992-2799

Mynd 2. Fylgiskjal með bréfi sveitarstjóra




Mynd 3. Horft að gróðurmön úr stöð 680 á 98-01. Áletrun „Velkomin“.  Mönin er ca í 720. Djúpavogskirkja í baksýn.



Mynd 4. Úr stöð 440 á vegi 98-01 í átt að Djúpavogi.

